



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi stærð hjartarýmis frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Á 152. fundi skóla- og frístundaráðs, 22. janúar 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að strax verði farið í að laga þau atriði sem eru rauðmerkt í skjalinu vegna fyrirspurnar um stærð hjartarýmis hvers frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Óskað er eftir: Hvernig er verið að vinna í því að finna lausn á vanda þessara frístundaheimila. Hvaða tímalínu er verið að vinna eftir miða við hvert og eitt frístundaheimili.

Svar:

Upplýsinga var aflað um stöðu mála 4. júní 2019.

Frístundamiðstöðin Tjörnin:

- Óskir hafa verið sendar inn um bætt húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Frosta sem hefur aðstöðu í Hagskóla, frístundaheimilisins Selsins við Melaskóla og félagsmiðstöðvarinnar 100og5 en ekki liggja fyrir upplýsingar um niðurstöðu.
- Frístundaheimilið Undraland við Vesturbæjarskóla hefur aðstöðu í húsi á lóð skólans og á að fara í endurbætur á því húsi svo viðmiðum sé náð.
- Aðstaða félagsmiðstöðvarinnar Gleðibankans í Hlíðaskóla er stöðugt í skoðun, ekki lausn í sjónmáli en fyrirhugaður er fundur í júní með stjórnendum Tjarnarinnar og Gleðibankans og stjórnendum Hlíðaskóla til að leita lausna.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri:

- Aðstaða frístundaheimilisins Neðstalands var bætt með tveimur færanlegum stofum sl. haust og í sumar á að grafa frá gluggum á jarðhæð í skólanum og stækka glugga í Fossvogsskóla sem mun bæta mjög aðstöðu frístundaheimilis.

Frístundamiðstöðin Gufunesbær:

- Í Foldskóla er nægilegt samnýtanlegt rými með félagsmiðstöðinni Fjörgyn en ekki er lausn í sjónmáli varðandi hjartarými.
- Óskir hafa verið sendar inn um bætt húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Sigynjar en ekki liggja fyrir upplýsingar um niðurstöðu.
- Aðstaða frístundaheimilisins Galdraslóðar og félagsmiðstöðvarinnar Púgynjar í Kelduskóla eru til skoðunar í starfshópi sem fjallar um skóla- og frístundamál í norðanverðum Grafarvogi.

Frístundamiðstöðin Miðberg:

- Nýlega var hjartarými félagsmiðstöðvarinnar Bakkans í Breiðholtsskóla fært á betri stað en er þó undir viðmiðum að stærð. Samnýtt rými er nægilegt í Bakkanum með Breiðholtsskóla.

Frístundamiðstöðin Ársel:

- Ekki er lausn í sjónmáli vegna aukningar á hjartarými frístundaheimilisins Töfrasels, verið er að leigja aðstöðu hjá Fylki auk þess er mikil samnýting með Tíunni félagsmiðstöðinni og frístundamiðstöðinni Árseli sem er staðsett í sama húsi.
- Varðandi aðstöðu frístundaheimilisins Stjórnulands við Kirkjustétt vantar meira hjartarými fyrir frístundaheimilið en samnýtt rými er mikið með félagsmiðstöðinni Fókus sem er í sama húsi. Skoða þarf möguleika á að samnýta húsnæði með Ingunnarskóla og er fyrirhugaður fundur með stjórnendum Ingunnarskóla og Ársels og skrifstofustjórum grunnskóla- og frístundamála nú í júní til að leita lausna.
- Frístundaheimilið Skólasel í Ártúnsskóla vantar lítillega upp á hjartarými innan skólans, en samnýtt rými er nægilegt í Skólaseli með Ártúnsskóla.
- Mikil fjölgun barna er í Norðlingaholti og veldur því að erfitt er að uppfylla viðmið um hjartarými frístundaheimilisins Klapparbergs við Norðlingaskóla en það vantar ekki mikið upp á og er bætt með því að samnýting á húsnæði frístundaheimilis og skólans er góð.